

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd**
Reykholahrepps mánudaginn 28. júlí 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykholahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Herdís Matthíasdóttir, Eiríkur Kristjánsson,
Ingimundur Grétarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn setti fundinn og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsókn dags. 24. júlí 2008 frá Einari Hafliðasyni um leyfi til að byggja 430,4 m² (2.235,5 m³) skemmu í Fremri-Gufudal. Samþykkt.
2. Umsókn dags. 23. júlí 2008 frá Hjalta Einarssyni um leyfi til að breyta vélageymslu á Bæ á Bæjarnesi frá fyrri umsókn hans dags. 10. sept. 2007, sem tekin var fyrir á fundi nefndarinnar í sept. 2007. Ósamræmi er á milli grunnmyndar og útlitsmyndar vélageymslunnar. Enn vantar byggingalýsingu sem krafa var gerð um. Vísað er til fyrri afgreiðslu málsins. Ekki er gerð athugasemd við lækkun hússins.
3. Bréf dags. 2. júlí 2008 frá Skipulagsstofnun vegna breytingar á deiliskipulagi í Bjarkarlundi, Reykholahreppi. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf dags. 30. júní 2008 frá Hafnarsambandi Íslands með boðun á hafnarsambandsþing 2008, tilnefning fulltrúa Reykholahrepps. Ákveðið að senda ekki fulltrúa á þingið.

Önnur mál.

1. Umsókn dags. 23. júlí 2008 frá Og fjarskiptum ehf um leyfi til að byggja fjarskiptastöð og reisa 20 m stálgrindarmastur á Klettshálsi. Samþykkt.
2. Tölvupóstur dags. 27. júlí 2008 frá Jóni Trausta Markússyni með umsókn um leyfi til að klæða Hellisbraut 6 (Ás) með standandi bárujárnsklæðningu. Samþykkt.
3. Umsókn dags. 25. júlí 2008 frá Einari Hafliðasyni um stöðuleyfi fyrir vinnubúðargám á lóð nr. 139559 í Fremri-Gufudal. Stöðuleyfi veitt til eins árs. Vinnubúðargáminn skal festa þannig niður að ekki stafi fokhætta af.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:05.

Sveinn Ragnarsson (sign), Herdís Matthíasdóttir (sign), Eiríkur Kristjánsson (sign), Ingimundur Grétarsson (sign) Óskar Steingrímsson (sign).

